

Október 2009

ÞJÓÐVEGIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

– MAT Á FJÖLDA EGINNA KM

Unnið fyrir SSH



EFNISYFIRLIT

1	Almennt	2
2	Breytingar á Þjóðvegaskrá	2
2.1	Allt landið	2
2.2	Höfuðborgarsvæðið	4
3	Mat á eknum kílómetrum á höfuðborgarsvæðinu	5
4	Tekjur ríkissjóðs af bílaumferð	6
4.1	Tekjur ríkissjóðs af bílaumferð - Allt landið	6
4.2	Þróun umferðar - eknir km	7
4.3	Vegir sem teknir hafa verið af þjóðvegaskrá á höfuðborgarsvæðinu	8
5	Samantekt og samanburður	9
6	Heimildir	10
VIÐAUKI A - Helstu óvissupættir í mati á eknum km		11
VIÐAUKI B - Eknir km, útreikningar og forsendur		14
VIÐAUKI C - Skipting tekna ríkissjóðs		15

1 ALMENNT

Ný vegalög tóku gildi 1. janúar 2008 og í kjölfarið kom út ný þjóðvegaskrá. Nokkrar breytingar urðu á vegaskránni vegna nýju laganna t.a.m. féllu nokkrir vegkaflar í þéttbýli niður og teljast þeir nú til gatnakerfis þéttbýlissvæðanna. Verkefni þetta felst í að meta umferð (ekna km) þessara vegkafla og athuga hversu mikil umferðin er sem hlutfall af heildarumferð á svæðinu. Enn fremur verða áætlaðar tekjur ríkissjóðs af umferð á þessum vegköflum.

Greinargerð þessi var unnin í maí 2009 og uppfærð í október 2009.

2 BREYTINGAR Á ÞJÓÐVEGASKRÁ

2.1 Allt landið

Samkvæmt nýrri þjóðvegaskrá, sem gefin var út árið 2008, eru þjóðvegir nokkuð færri en þeir voru í gömlu þjóðvegaskránni sbr. töfluna hér að neðan.

Tafla 1. Þjóðvegir í Þjóðvegaskrá fyrir og eftir breytingu. ¹

Í töflunum hér á eftir kemur fram munur á flokkun vega, fyrir og eftir vegalagabreytinguna.


Þjóðvegir (31.12.) 2007.

	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Alls km
Suðurlkjördæmi	936	1.107	560	968	3.571
Suðvesturlkjördæmi	121	96	33	14	264
Reykjavíkurlkjördæmi	72	11	24	8	115
Norðvesturlkjördæmi	1.756	1.749	965	626	5.096
Norðausturlkjördæmi	1.339	1.036	655	972	4.002
	4.224	3.999	2.237	2.588	13.048

Þjóðvegir (1.12.) 2008.

	Stofnvegir km	Stofnvegir um hálendi km	Tengivegir km	Héraðsvegir km	Landsvegir km	Alls km
Suðurlkjördæmi	1.085	285	673	892	616	3.551
Suðvesturlkjördæmi	94		98	30		222
Reykjavíkurlkjördæmi	63			33		96
Norðvesturlkjördæmi	1.795	124	1.291	1.348	429	4.987
Norðausturlkjördæmi	1.507	96	653	969	769	3.994
	4.544	505	2.715	3.272	1.814	12.850

¹ Vegagerðin. [Án útgáfuárs-a].



Mynd 1. Flokkun þjóðvega skv. nýrri þjóðvegaskrá.²

Helstu breytingar á nýju þjóðvegaskránni eru taldar á vef Vegagerðarinnar, en þar segir;

„Helstu breytingar frá fyrri vegalögum, hvað þjóðvegaskrá varðar, eru eftirfarandi:

Stofnvegir eru flestir þeir sömu og áður, að viðbættum nokkrum umferðarmiklum vegum, sem voru í flokki tengivega. Niður falla nokkrir vegkaflar í þéttbýli og teljast þeir nú til gatnakerfis þeirra. Hins vegar bætast í flokk stofnvega fjórar hálendisleiðir, sem hafa nokkra sérstöðu og verða í sérhópi um sinn, svokallaðir stofnvegir um hálendi.

Tengivegir eru færri en áður. Auk þeirra sem færast í flokk stofnvega verða margir þeirra héraðsvegir. Einnig fylla nú þennan flokk vegir innan þjóðgarða og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem voru landsvegir.

Héraðsvegir hétu áður safnvegir, en auk þeirra fóru margir stuttir tengivegir í þennan flokk.

Landsvegir eru nú færri en áður. Þeir fá að jafnaði litla og árstíðabundna þjónustu og viðhald.“³

² Vegagerðin, 2008.

³ Vegagerðin, [Án útgáfuárs-b].

Tafla 2. Lengd þjóðvega á þjóðvegaskrá 2007 og 2008 í Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurborgardæmi (úttekt úr töflu 1).


Útgáfuár vegaskrár	Stofnvegir (km)	Tengivegir (km)	Landsvegir (km)	Aðrir vegir* (km)	Alls (km)
2007	193	107	22	57	379
2008	157	98	0	63	318
Mismunur	36	9	22	-6	61

*(Safnvegir í vegaskrá frá 2007, stofnvegir um hálendi og héraðsvegir skv. nýrri vegaskrá frá 2008, sjá töflu 1)

Eins og fram kemur í töflu 2, hefur lengd vega á þjóðvegaskrá í Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurborgardæmi (höfuðborgarsvæðinu) styst um 61 km í kjölfar nýju vegalaganna.

2.2 Höfuðborgarsvæðið

Mynd 2 sýnir breytingar á þjóðvegaskrá á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 2. Vegir skv. gömlu og nýju vegaskránni. Myndin er ekki í kvarða

3 MAT Á EKNUM KÍLÓMETRUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Til að meta ekna km var notast við *Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins*, sem VSÓ ráðgjöf vann fyrir Vegagerðina 2006-2007. Reiknilíkanið skilar m.a. niðurstöðum um VMT (Vehicle Miles of Travel) og þær niðurstöður er hægt að nota til að meta ekna km á þeim þjóðvegum sem teknir hafa verið af nýju þjóðvegaskránni (nánar um útreikninga á eknum km, sjá viðauka C).

Keyrð var umferðarspá fyrir grunnárið 2004 í umferðarlíkaninu. Í töflu 3 má sjá sundurliðaðar niðurstöður reikninganna.

Tafla 3. Eknir km á ári, grunnárið 2004.

	Eknir km á ári
Höfuðborgarsvæðið, heild	1.260.000.000
Vegir sem voru á þjóðvegaskrá fyrir breytingu	730.000.000
Vegir sem teknir hafa verið af þjóðvegaskrá	130.000.000
Vegir sem eru á nýju þjóðvegaskránni	600.000.000

Eknir km á vegum sem teknir hafa verið af þjóðvegaskrá eru um 10% af heildarfjölda ekinna km á höfuðborgarsvæðinu og um 18% af eknum km á vegum sem voru á gömlu þjóðvegaskránni.

Ýmsir óvissupættir geta haft áhrif á niðurstöður umferðarspáa í umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins. Helstu óvissupættir eru tífundaðir í viðauka A.

4 TEKJUR RÍKISSJÓÐS AF BÍLAUMFERÐ

4.1 Tekjur ríkissjóðs af bílaumferð - Allt landið

Í viðauka C er skipting tekna ríkissjóðs listuð fyrir árin 1998 – 2008. Ef árið 2007 er skoðað nánar fæst eftirfarandi :

Tekjur ríkissjóðs af skattlagningu ökutækja og eldsneytis fyrir árið 2007 voru:

- Vörugjald af ökutækjum (10.000 m. kr.)
 - Almennt vörugjald af bensíni (2.080 m.kr.)
 - Sérstakt vörugjald af bensíni (7.350 m.kr.)
 - Olúgjald (5.940 m.kr.)
 - Bifreiðagjald (4.440 m.kr.)
 - Þungaskattur (1.260 m.kr.)
- Samtals: 31.070 milljónir kr.**

Hér er ótalin virðisaukaskattur. Hlutfall virðisaukaskatts af heildartekjum ríkisins má áætla út frá töflunni hér að neðan.

Tafla 5. Skatttekjur ríkisins af bifreiðum.⁴

	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.089	5.345	5.430	5.447	5.493	5.540
Þungaskattur, fast árgjald	1.205	1.665	2.586	2.615	2.485	2.701
Þungaskattur, km-gjald	2.225	2.287	2.053	2.263	2.204	2.326
Samtals markaðir tekjustofnar vegagerðarinnar	8.519	9.297	10.069	10.325	10.182	10.567
Skattar af bifreiðum alls með VSK	22.972	26.049	27.811	24.581	26.523	28.283
Skattar af bifreiðum alls án VSK	16.197	18.124	19.831	17.972	19.940	20.133
Hlutfall skattgr. án VSK af skatttekjum ríkisins	10,1%	9,7%	9,9%	8,5%	9,1%	8,4%
Hlutfall skattgr. án VSK af VLF	2,8%	3,0%	3,0%	2,4%	2,6%	2,5%

Heimild: Fjármálaráðuneyti


Meðalskatttekjur ríkisins af bifreiðum án VSK voru 18.700 millj. kr. á árunum 1998-2003. Meðalskatttekjur ríkisins af bifreiðum með VSK voru um 26.000 millj. kr. á sama tímabili, eða um 40% hærri en meðalskatttekjur ríkisins af bifreiðum án VSK. Ef gert er ráð fyrir sama hlutfalli 2007, þá má gera ráð fyrir að heildartekjur ríkis af bifreiðum með VSK 2007 séu:

$$31 \text{ milljarður kr.} * (1,4) = 43 \text{ milljarðar kr.}$$

⁴ Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. 2005: 25.

4.2 Þróun umferðar - eknir km

Á mynd 3 má sjá eknar km á þjóðvegum landsins skv. vef Vegagerðarinnar.



Mynd 3. Heildarakstur 1975-2007.⁵

Umferð á þjóðvegum hefur aukist um ca. 18 % milli árána 2004 og 2007. Akstur á þjóðvegum sem teknir hafa verið af vegaskrá á höfuðborgarsvæðinu var áætlaður um 130.000.000 km í kafla 3. Ef gert er ráð fyrir að akstur á þessum vegum hafi hlutfallslega aukist jafnt og akstur á þjóðvegum í heild, fæst:

$$\begin{aligned} & \text{Akstur á þjóðvegum sem teknir hafa verið af vegaskrá á höfuðborgarsvæðinu, árið 2007} \\ &= 1,18 \cdot 130 \text{ milljónir km} \approx 150 \text{ milljónir km} \end{aligned}$$

Ef gert er ráð fyrir að heildarakstur (allir vegir og götur) á höfuðborgarsvæðinu hafi aukist með sama hætti og á þjóðvegum, fæst:

$$\begin{aligned} & \text{Heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu, árið 2007} \\ &= 1,18 \cdot 1.260 \text{ milljónir km} \approx 1.500 \text{ milljónir km} \end{aligned}$$

⁵ Vegagerðin, 2009.

Á vefsíðu Hagstofunnar má finna upplýsingar um fjölda skrásettra ökutækja á Íslandi. Þar kemur fram að fólksbílar voru 207.513, hópbílar 1.943 og vöru- og sendibílar 31.095 árið 2007.⁶

Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í greinargerð Alta ehf. um áætlaða losun gróðurhúsalofttegunda frá bílaumferð í Reykjavík má reikna með að meðalakstur fólksbifreiðar sé um 13.000 km á ári.⁷ Áætlaður meðalakstur flutningabíla árið 2004 var 17.800 km.⁸

Ef miðað er við framangreindar forsendur má áætla meðalakstur ökutækja á Íslandi á ári:

$$(31.095 + 1.943) \text{ ökutæki} \cdot 17.800 \frac{\text{km}}{\text{ár}} + 207.513 \text{ ökutæki} \cdot 13.000 \frac{\text{km}}{\text{ár}} = 3,3 \cdot 10^9 \frac{\text{km}}{\text{ár}}$$

Hér er gert ráð fyrir að akstur hópbíla sé jafn mikill og akstur flutningabíla.

4.3 Vegir sem teknir hafa verið af þjóðvegaskrá á höfuðborgarsvæðinu

Tekjur ríkisins árið 2007 af akstri á þeim þjóðvegum sem teknir voru af þjóðvegaskrá á höfuðborgarsvæðinu má gróflega áætla með eftirfarandi hætti:

Meðaltekjur ríkisins á hvern ekinn km árið 2007 voru:

$$\frac{43 \cdot 10^9 \text{ kr}}{3,3 \cdot 10^9 \text{ km}} = 13,0 \text{ kr/km}$$

Af þessu má draga þá ályktun að 150.000.000 eknir km á þjóðvegum sem teknir hafa verið af þjóðvegaskrá samsvari um **1.900 – 2.000 milljóna króna** tekjum fyrir ríkissjóð á ári (miðað við ekna km og verðlag ársins 2007).

Með sama hætti má áætla að heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu, 1.500.000.000 km á ári, samsvari um 19-20 milljarða króna tekjum fyrir ríkissjóð á ári.

⁶ Hagstofa Íslands. [Án útgáfuárs].

⁷ Alta ehf, 2008.

⁸ Orkuspárnefnd, 2005: 11.

5 SAMANTEKT OG SAMANBURÐUR

Á vegum sem fallið hafa af þjóðvegaskrá eru eknir um 130.000.000 km á ári skv. umferðarlíkani á höfuðborgarsvæðinu, ef miðað er við grunnárið 2004. Eknir km á vegum sem teknir hafa verið af vegaskránni, á höfuðborgarsvæðinu, eru um 10% af heildarfjölda ekinna km á höfuðborgarsvæðinu og um 18% af eignum km á vegum sem voru á gömlu vegaskránni.

Gera má ráð fyrir um 18% vexti umferðar á vegum sem teknir hafa verið af vegaskrá milli áranna 2004 og 2007. Eknir km á vegum sem teknir hafa verið af vegaskrá eru áætlaðir um 150.000.000 árið 2007.

Ætla má að tekjur ríkisins af þeim þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu sem teknir voru af þjóðvegaskránni hafi verið á bilinu 1.900 – 2.000 milljónir króna árið 2007.

Tekjur ríkissjóðs af öllum akstri á höfuðborgarsvæðinu eru áætlaðar um 19-20 milljarðar króna á ári.

Reykjavík, 30. október 2009

Þórarinn Hjaltason

6 HEIMILDIR

Almenna verkfræðistofan hf. 2007. *Stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins 2007. Úttekt á núverandi ástandi og framtíðarhorfur til 2050+*. Almenna verkfræðistofan hf., Reykjavík.

Alta, 2008. *Áætlun losun gróðurhúsalofttegunda frá bílaumferð í Reykjavík. Samantekt fyrir árin 1999-2007 – Með samanburði við 1990*. Alta ehf., Reykjavík.

Fjármálaráðuneytið. [Án útgáfuárs]. „Skipting tekna ríkissjóðs“. Sótt af internetinu, 11. febrúar 2009. Vefslóð: <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Hagtolur/skipting-tekna-rikissjods.pdf>.

Hagstofa Íslands. [Án útgáfuárs]. „Skrásett ökutæki í árslok 1986-2007“. Sótt af internetinu, 18. Febrúar 2009. Vefslóð: <http://hagstofan.is/Hagtolur/Ferdamal,-samgongur-og-upplysing/Okutaeki>

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. 2005. *Skýrsla nr. C05:01, Samanburður á beinni gjalddöku og samfélagslegum kostnaði við flutninga. Skýrsla fyrir samgönguráð*. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Orkuspárnefnd. 2005. *Eldsneytisspá 2005-2030. Endurreikningur á spá frá 2001 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum*. Orkustofnun, Reykjavík.

Vegagerðin. [Án útgáfuárs-a]. „Vegaskrá með leiðarlýsingum“. Sótt af internetinu, 12. janúar 2009. Vefslóð: [http://vgwww.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/VegskraLysing/\\$file/Vegaskr%c3%a1%20Landi%c3%b0_2.pdf](http://vgwww.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/VegskraLysing/$file/Vegaskr%c3%a1%20Landi%c3%b0_2.pdf)

Vegagerðin. [Án útgáfuárs-b]. „Vegaskrá“. Sótt af internetinu, 12. janúar 2009. Vefslóð: <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>

Vegagerðin. 2008. „Flokkun þjóðvega“. Sótt af internetinu, 28. janúar 2009. Vefslóð: <http://www.vegagerdin.is/view/common/media/ArticleImageZoom?WebCategoryId=1336&ArticleID=690&ListID=0&MediaSizePopup=&MediaTypeID=1>

Vegagerðin. 2009. *Umferð á þjóðvegum 2007*. Vegagerðin, Reykjavík.


VSÓ Ráðgjöf. 2006. *Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins. Rannsóknarverkefni fyrir Vegagerðina. Útreikningar fyrir grunnárið 2004*. VSÓ Ráðgjöf, Reykjavík.

VSÓ Ráðgjöf. 2007. *Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins. Rannsóknarverkefni fyrir Vegagerðina 2006. Umferðarspá 2024. Framhald rannsóknarverkefnis frá 2005*. VSÓ ráðgjöf, Reykjavík.

VIÐAUKI A - HELSTU ÓVISSUÞÆTTIR Í MATI Á EKNUM KM


Eftirfarandi eru helstu óvissuþættir í mati á eignum km:

1. Frávik milli útreikninga í reiknilíkaninu annars vegar og umferðartalninga hins vegar er að meðaltali rúmlega 8 %. Reiknilíkanið er stillt þannig að meðalfrávikði er nálægt því að vera 0, þannig að þessi óvissa ætti ekki að breyta miklu um hlutfall umferðar á þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu af heildarumferð.
2. Í reiknilíkaninu er raunveruleikinn einfaldaður með því að sleppa umferðarminnstu götunum. Höfuðborgarsvæðinu er skipt upp í 242 reiti, þar sem reitamiðjan er tengd með ímyndaðri götu (reitatenging) við gatnakerfi reiknilíkansins. Myndin hér á eftir sýnir bæði götur og reitatengingar reiknilíkansins. Lengd reitatengingar er ekki sú sama og meðallengd ferðar frá upphafsstað í reit að gatnakerfinu, auk þess sem hver reitur er aðeins tengdur á einum stað við gatnakerfi reiknilíkansins. Ljóst má vera að reiknilíkanið gefur ekki gott mat á eignum km innan reita. Það skiptir þó litlu máli þar sem mestur hluti umferðar fer fram á þeim götum sem skilgreindar eru í reiknilíkaninu.




Mynd 1. Gatnanet og götuflokkar í umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2004. (VSÓ Ráðgjöf, 2006)

3. Hafa ber í huga hvernig reiknilíkanið skilgreinir höfuðborgarsvæðið. Gatnanet reiknilíkansins má sjá á myndinni hér að neðan (mynd 2). Í niðurstöðum um ekna km var stærð höfuðborgarsvæðisins miðuð við það svæði sem gatnanet reiknilíkansins nær yfir (sjá mynd 3).



Mynd 2. Gatnanet í reiknilíkani. Rauðar línur tákna þær götur sem kveikt er á í umferðarspám. Myndin er ekki í kvarða.



Mynd 3. Rauðar og bláar línur tákna vegi á vegaskrá fyrir og eftir breytingu. Græna svæðið sýnir það svæði sem gatnanet reiknilíkansins nær yfir. Myndin er ekki í kvarða.

VIÐAUKI B – EKNIR KM, ÚTREIKNINGAR OG FORSENDUR

Eknir kílómetrar á höfuðborgarsvæðinu voru í grófum dráttum reiknaðir þannig:

1. Grunnspá var keyrð í umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins fyrir grunnárið 2004.
2. Umferðarlíkanið skilar m.a. niðurstöðum um VMT (Vehicle Miles of Travel).
3. Þar sem reiknilíkanið skilar niðurstöðum um akstur (VMT) í mílum var margfaldað með 1,6093 til að fá ekna km/sólarhring.
4. Umferðarlíkanið reiknar svokallaða hversdagsumferð (HVDU), meðalumferð á virkum dögum. Til að finna ekna km á heilu ári þurfti að breyta HVDU í ÁDU (ársdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið), Samkvæmt skýrslunni *Stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins 2007, úttekt á núverandi ástandi og framtíðarhorfur 2050+* er hversdagsumferð yfirleitt 5-10% hærri en ársdagsumferð. Hér var reiknað með 7,5% mun þegar HVDU var breytt í ÁDU.
5. Niðurstöður voru margfaldaðar með 365 til að fá ekna km yfir árið.

VIÐAUKI C – SKIPTING TEKNA RÍKISSJÓÐS

Taflan sýnir skiptingu tekna ríkissjóðs á árabílinu 1998-2008. (Heimild: Fjármálaráðuneytið. [Án útgáfuárs].)

Skipting tekna ríkissjóðs

Rekstrargrunnur, m.kr.	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Áætlun* 2007	Fjárlög 2008
I Skatttekjur	161 219	187 796	200 651	211 729	220 510	238 859	275 186	335 322	377 386	412 814	430 425
Skattar á tekjur og hagnað	42 744	53 030	59 595	68 896	71 569	80 141	91 012	119 638	138 652	165 865	177 969
Einstaklingar	34 410	42 102	49 331	58 676	61 290	65 222	76 467	88 227	103 935	120 500	128 500
Tekjuskattur einstaklinga	31 687	36 855	42 853	50 862	53 976	56 518	63 845	72 610	81 122	89 600	93 500
Sérstakur tekjuskattur	615	1 132	1 272	1 644	1 077	1 480	1 161	1 005	331	-	-
Skattur á fjármagnstekjur	2 108	4 115	5 206	6 170	6 237	7 224	11 461	14 612	22 482	30 900	35 000
Lógaðilar	7 155	9 126	9 679	9 551	8 807	12 212	11 589	23 413	32 427	41 000	45 500
Ótalið annars staðar	1 179	1 802	585	669	1 472	2 707	2 956	7 998	2 290	4 365	3 969
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	644	1 232	12	56	721	1 860	2 093	7 059	1 266	3 220	2 665
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	535	570	573	613	751	847	863	939	1 024	1 145	1 304
Tryggingagjöld	16 088	17 768	19 681	21 909	23 397	26 315	28 522	32 607	37 813	38 823	41 279
Eignarskattar	7 788	8 450	9 872	10 596	11 001	8 666	11 552	13 340	8 754	11 165	11 723
Skattar á vörur og þjónustu	94 263	108 033	110 966	109 614	113 740	123 087	143 505	168 743	190 447	194 352	196 228
Virðisaukaskattur	59 282	70 020	71 903	72 147	76 271	80 940	96 433	114 183	132 122	134 000	138 000
Almenn vörugjöld	10 080	10 900	11 067	11 161	11 461	12 496	16 457	17 475	19 015	19 364	18 918
Vörugjald af ökutækjum	4 970	5 896	4 960	2 853	2 804	4 525	6 320	10 391	10 083	10 000	8 150
Almennt vörugjald af bensíni	1 603	1 760	2 127	1 981	1 890	1 924	2 248	2 356	2 060	2 080	2 100
Sérstakt vörugjald af bensíni	5 089	5 398	5 430	5 447	5 493	5 540	6 100	6 342	6 935	7 350	7 420
Oliugjald	-	-	-	-	-	-	-	1 703	5 560	5 940	6 030
Aðrir sértækir veltuskattar	6 683	6 850	7 357	7 468	6 700	7 946	4 875	5 437	6 795	7 638	7 382
Bifreiðagjald	2 261	2 341	2 550	2 628	2 916	3 003	3 187	3 665	4 110	4 440	4 610
Þungaskattur	3 515	4 050	4 639	4 894	4 704	5 042	5 813	4 575	1 172	1 260	1 280
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	780	818	932	1 035	1 501	1 671	2 072	2 616	2 595	2 280	2 339
Aðrir skattar	336	515	538	714	803	650	595	994	1 721	2 610	3 226
II Aðrar rekstrartekjur	15 581	17 464	19 030	23 274	25 782	21 438	24 975	25 800	28 705	35 153	36 369
Arðgreiðslur	2 406	2 733	2 477	1 917	3 095	3 274	4 021	8 230	1 236	1 282	1 557
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	8 381	9 269	10 698	14 727	15 629	11 157	11 311	9 315	18 358	25 045	25 382
Neyslu- og leyfisgjöld	4 277	4 845	5 208	5 782	6 313	5 967	6 847	7 070	7 625	7 709	8 330
Annað	517	617	647	848	745	1 040	2 796	1 185	1 486	1 117	1 101
III Sala eigna	2 471	11 140	634	1 065	11 722	11 954	1 064	58 831	14 210	22 538	5 200
IV Fjármagnstilfærslur	340	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
V Fjáframlög	1 235	1 294	1 231	1 288	1 196	2 322	1 206	1 213	1 662	1 672	1 446
VI Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja.....	-	4 938	3 167	-	-	-	-	-	-	-	-
Heildartekjur ríkissjóðs	180 846	222 632	224 713	237 356	259 210	274 573	302 431	421 166	421 963	472 177	473 440
Sjóðshreyfing	167 631	202 041	217 978	224 042	244 338	265 137	284 350	400 953	396 526	438 037	455 519

¹ Fjárlög að viðbættum fjárukalögum ársins.

